

LJÓRI

RIT UM MUNI OG MINJAR

1. árg.

1. tölublað

Nóvember 1980



FRÁ RITNEFND

Allangt er um liðið síðan þeirri hugmynd skaut upp að þörf væri á tímariti sem hefði að geyma styttri greinar og frásagnir varðandi safnamál, fornleifa- og þjóðfræði og það sem væri efst á baugi í þeim efnum hverju sinni.

Reynt skyldi að stilla kostnaðinum í hóf við útgáfu ritsins og koma því út 1 - 2 sinnum á ári.

Um sölu og dreifingu voru hugmyndir óskýrari, en hallast að því að safna áskrifendum jafnframt því sem eintök væru til sölu á söfnum í landinu þar sem því yrði við komið.

Nú með fyrsta tölublaði LJÓRA er gerð tilraun til að framkvæma ofangreinda hugmynd, og hefur ritnefnd sú sem Þjóðminjavörður skipaði snemma í vor algerlega séð um útgáfuna. Þegar á reyndi kom í ljós, að Þjóðminjasafnið gat ekki orðið útgefandi blaðsins, eins og upphaflega hafði til staðið. Það hefur valdið nokkrum tölum á útkomu 1. tölublaðs.

Til að framhald megi verða á útgáfunni þyrftu safnmenn því að taka höndum saman og stofna með sér félag, sem sæi um útgáfuna að einu og öllu leyti, og þannig yrði ritið óháð öllum stofnunum.

Ef sú verður raunin á ætti að takast að treysta grundvöll LJÓRA og tryggja honum sess í framtíðinni.

LJÓRI

ER BLAÐ UM MINJAVERNÐ.

ER MÁLGAGN SAFNMANNA.

ER FRÉTTABLAÐ MINJASAFNA.

ER OPINN HLUTLÆGRI UMRÆÐU UM SAFNAMÁL.

FORSÍÐUMYND: Snældusnúður frá Stóruborg. Fundinn sl. sumar.
Ljósmynd: Gísli Gestsson.

SAFNMANNAFUNDUR Í ÁRBÆ

Kynningarfundur safnmanna haldinn á vegum Árbæjarsafns og Þjóðminjasafns Íslands dagana 26. og 27. apríl 1980 í Árbæjarsafni.

Árbæjarsafn og Þjóðminjasafn Íslands boðuðu til kynningarfundar safnmanna í Árbæjar- og Þjóðminjasafni dagana 26. og 27. apríl 1980. Til kynningarfundarins voru boðaðir fulltrúar allra byggðasafna á landinu. Þátttaka var mjög góð og sóttu kynningarfundinn 38 manns frá 16 söfnum.

Fyrst tók til máls Nanna Hermansson borgarminjavörður og bauð fundargesti velkomna. Sagði hún að mörg ár væru síðan komið hefði upp hugmynd um að halda fund með fulltrúum byggðasafna á Íslandi. Fundurinn væri hugsaður sem kynningarfundur og ekki væri atkunin að stofna á honum safnasamtök né að fundurinn sendi frá sér ályktanir.

Þór Magnússon þjóðminjavörður tók þá til máls. Hann ræddi um Þjóðminjasafnið og þjóðminjavörslu, sögu Þjóðminjasafnsins, upphaf fornleifarannsókna og fornleifafélagsins, friðuð hús, fornleifaskráningu og tengsl Þjóðminjasafns og byggðasafna. Hann sagði m.a. að mikilvægur þáttur í starfsemi Þjóðminjasafnsins væri aðstoð þess við byggðasöfn og hefðu starfsmenn Þjóðminjasafnsins m.a. sett upp og skipulagt allmörg söfn úti á landi. Hann kvaðst vanta þess að með auknum mannafla á byggðasöfnunum þurfi þau ekki eins mikið á aðstoð Þjóðminjasafns að halda. Hann sagði að endingu að Þjóðminjasafnið legði ekki lengur kapp á að safna hlutum úti á landsbyggðinni nema það væri eitthvað sem Þjóðminjasafnið vantaði tilfinnanlega, enda vildi Þjóðminjasafnið ekki keppa við byggðasöfnin um muni.

Síðan voru umræður og fyrirspurnir til þjóðminjavarðar. Var aðallega rætt um fjármál, svo sem hve mikið ríkinu beri að greiða þegar reist eru ný safnahús og hvaða aðferðum ætti að beita við öflun peninga. Þjóðminjavörður lýsti hefðbundnum aðferðum við öflun fjár til safna. Hann sagði að í fjárlögum væri sérstakur liður sem hétu til sveitarfélaga og úr honum væri greitt til verkefna úti á landi og væri alltaf skorið niður af þessum lið. Óskir voru uppi um myndun þrýstihóps sem ynni að hagsmunamálum safnanna. Minnst var á skýrslu sem gerð hefur verið á Þjóðminjasafninu um starfsmannabörf safnsins. Þar kemur fram að lágmarksþörf safnsins til að gegna því hlutverki sem því er atlað samkvæmt lögum væri um 20 safnverðir, eðlileg þörf væri 40-50 manns, en nú væru 5 safnverðir á Þjóðminjasafninu. Það var nefnt að um 0.25 % af fjárlögum færu nú í safnamál. Einnig var minnst á þörfina á nýjum þjóðminjalögum.

Nanna Hermansson borgarminjavörður tók næst til máls. Ræddi hún um Árbæjarsafn, um sögu þess og tilgang, starfsemi, starfsaðstöðu, fjárhag og framtíðarskipulag safnsins. Sagði hún m.a. að Árbæjarsafn væri stofnað 1957 sem útisafn til að varðveita og sýna gömul hús úr miðborg Reykjavíkur. Um 1960 voru önnur viðhorf en nú, þá stóð til að breyta Reykjavík í nýttiskulega borg og rífa öll gömlu húsin. Voru því merkileg hús sem menn vildu losna við flutt að Árbæ.

Hún sagði einnig að uppi hefðu verið hugmyndir um landsbyggðarsafn í Árbæjarsafni til að sýna bakgrunn þess fólks sem flutti til Reykjavíkur á sínum tíma og því var Silfrastaðakirkja í Skagafirði flutt í safnið 1964. Ætlunin er að koma upp safnhverfi í Árbæjarsafni sem á að gefa hugmynd um gamalt bæjarhverfi, þó að það sé ekki eftirmynd reins raunverulegs hverfis. Hún nefndi að það væru 4 fastar stöður á Árbæjarsafni, en að auki væru 4 menn í hluta eða fullri stöðu, lausráðnir. Því næst var Árbæjarsafn skoðað undir leiðsögn starfsfólks þar og síðan var snæddur hádegismatur.

Eftir hádegi flutti Mjöll Snæsdóttir safnvörður á Árbæjarsafni fyrirlestur um fornleifarannsóknir. Ræddi hún um hvernig fornleifarannsóknir færu fram og hvaða spurningum þær gætu svarað. Nefndi hún að það væri mikilvægt að hrófla ekki við rústum áður en þær væru rannsakaðar.

Umræður. Rætt var um varðveisluskilyrði í bæjarstæðum, hvað hægt væri að gera við kirkjugarða sem væru að eyðast, um nauðsyn fornleifaskráningar og að bændur vissu um verndaðar rústir á landi sínu.

Því næst flutti Þórður Tómasson safnvörður á Skógum erindi sem hann nefndi: Um endurbyggingu húss á Skógum. Hann sagði frá sögu safnsins að Skógum, ræddi um byltingu í húsagerð síðan 1930 og nauðsyn þess að vernda gömul hús. Síðan lýsti hann flutningi húss frá Holti sem flutt var að Skógum 1979, þá 100 ára, og verið er að reisa og gera upp.

Umræður. Rætt var um hvort ekki væri æskilegt að nokkur söfn svo sem bókasöfn, skjalasöfn og byggðasöfn væru í sama húsi og töldu ýmsir að það kæmi sér vel, bæði fjárhagslega og eins væri það þægilegt fyrir þá sem atluðu í fleira en eitt safn.

Gísli Gestsson vakti athygli á samnorrænni orðabók sem gott er að nota við skráningu hluta og er hægt að panta hana á Þjóðminjasafninu.

Guðmundur Ólafsson vakti athygli á ritinu Ljóra sem stendur til að gefa út og hægt er að gerast áskrifandi að á Þjóðminjasafninu.

Þór Magnússon vakti athygli á Árbók Fornleifafélagsins.

Síðan var haldið til Hafnarfjarðar og hús Bjarna riddara Sívertsen skoðað og þegið kaffi og konfekt. Þaðan var haldið til Bessastaða í boði forsetahjónanna og Bessastaðakirkja var skoðuð undir leiðsögn Kristjáns Eldjárns.

Seinni daginn hófst fundur kl. 9.30 og var rætt um aðgangseyri.

Voru uppi ýmsar skoðanir um hvernig ætti að innheimta aðgangseyri og hve hár hann ætti að vera, ef hann væri á annað borð einhver. Hölluðust sumir að því að hafa kassa við innganginn og gæti fólk þá ýmist sett frjáls framlög í hann eða fastan aðgangseyri. Var upphæð aðgangseyris mjög mismunandi, allt frá því að vera enginn og upp í 800 kr.

Síðan hélt Gunnlaugur Haraldsson safnvörður á Akranesi fyrirlestur sem hann kallaði: Um fjórðungsminjaverði, þar sem hann lagði áherslu á að komið væri nýju skipulagi á safnamál. Lagði hann til að stofnuð væri sérstök þjóðminjastofnun og safnastofnanir í hverjum fjórðungi. Við safnastofnanirnar skyldu starfa fjórðungsminjaverðir. Þeir skyldu efla samvinnu safna og samræma störf þeirra og vera fulltrúar þjóðminjastofnunar í sínum fjórðungi. Einnig taldi Gunnlaugur brýnt að hraða endurskoðun þjóðminjalaganna frá 1968. Umræður. Hafði fólk almennt áhuga á að sett væru á stofn embætti fjórðungsminjavarða sem gætu aðstoðað starfsmenn byggðasafnanna.

Því næst kynntu fulltrúar byggðasafnanna söfn sín, og var þá komið að matmálstíma.

Eftir hádegi talaði Guðný G. Gunnarsdóttir um skólabjónustu. Hún ræddi um mikilvægi skólaheimsókna í starfsemi safnanna og nauðsyn þess að útbúa undirbúningsverkefni fyrir börn áður en þau kæmu á safnið. Væru kennara send gögn, lesmál og myndir og ábendingar um heppilegar heimildir sem bekkurinn ætti að kynna sér. Þegar í safnið er komið er sérstökum verkefnum dreift milli nemenda og eiga þeir að vinna úr verkefnunum í safninu.

Því næst flutti Kristín H. Sigurðardóttir erindi um forvörslu, þar sem hún lagði áherslu á að haldið væri réttu rakastigi í sýningarsölum og fylgst með því og að útbúnar væru heppilegar geymslur fyrir safngripina.

Umræður. Rætt var um hvernig væri æskilegast að geyma filmur og myndir. Var bent á að hægt væri að panta heppileg umslög hjá þjóðminjasafninu.

Gunnlaugur Haraldsson las síðan upp ályktun þar sem skorað var á menntamálaráðherra að sjá til að hraðað verði endurskoðun þjóðminjalaganna og var hún samþykkt samhljóða.

Því næst flutti Elsa E. Guðjónsson safnvörður við þjóðminjasafnið erindi með litskyggnum í tengslum við sýninguna Forvarsla textíla í þjóðminjasafninu.

Síðan var farið í þjóðminjasafnið og m.a. skoðuð forvörslusýningin. Guðmundur Ólafsson safnvörður sagði frá skráningu muna og flokkunarkerfi og frá þjóðminjaskráningu og aðstoðuðu hann Inga Lára Baldvinsdóttir og Ágúst Ólafur Georgsson.

Að endingu var farið í Höfða í boði borgarstjórnar Reykjavíkur.

* * *

GAMALL FATNAÐUR

Þjóðminjasafn Íslands óskar eftir að fá ýmiskonar fatnað frá fyrri hluta þessarar aldar eða fyrr, bæði hversdagsklæðnað og spariföt. Aðrir búningar koma einnig til greina.

Uppl. í síma: 1 32 64.

UM SAFNASTOFNANIR OG FJÓRÐUNGSMINJAVERÐI

Gunnlaugur Haraldsson

Það er kunnara en frá frá þurfi að greina, að svo mjög hefur fjárveitingarvald þessa lands haldið í fé við Þjóðminjasafnið sem og aðrar menningarstofnanir, að það hefur langt frá því nægjanlega getið risið undir lagalegu hlutverki sínu. Vegna peningalegrar vannæringar og alltof fámenns starfsliðs hefur starfsemi safnsins verið einangruð að mestu við úrlausn brýnustu verkefna daglegs reksturs, en olnbogaráými til markvissrar minjaverndunar og rannsókna innan safns og utan hefur lítið gefist. Svo rammt hefur kveðið að getuleysi safnsins af þessum sökum, að meðal almennings gerast þær raddir æ háværari, sem gagnrýna stofnunina fyrir margháttaðar vanrækslusyndir á sviði minjaverndunar í landinu. Það er hart fyrir hið fámenna starfslið, sem vinnur eftir bestu getu, að liggja undir því líku ámæli, sem því er með öllu óviðráðanlegt.

Í sama feni sitja einstök byggða- og minjasöfn úti um landsbyggðina. Um raunverulegt og virkt safn- og fræðslustarf fyrir skóla og almenning er naumast að ræða, og undantekningalírið eru söfnin eingöngu geymslur, mismunandi aðlaðandi. Samstarf og samvinna milli einstakra safna innan fjórðunga hefur að sama skapi verið lítil sem engin um lausn sameiginlegra viðfangsefna og heildarskipulag um söfnun eða verkaskipting milli safna er í sama lágmarki.

Að minni hyggju stöndum við safnamenn frammi fyrir tvíþættum vanda, sem stendur öllu okkar starfi og minjaverndun í landinu fyrir þrífum: Í fyrsta lagi er um að ræða tilfinnanlegan fjármagnsskort sem aftur leiðir af sér margháttað aðstöðuleysi, en í annan stað ónógt og úrelt heildarskipulag þessara mála.

Haustið 1977 skipaði þáver. menntamálaráðherra, Vilhjálmur Hjálmarsson, nefnd til að móta tillögur um endurskoðun á núgildandi þjóðminjalögum og skyldi hinn skipulagslegi þáttur gjörvallrar minjaverndunar landsins vera gildasti liður í athugun þeirrar nefndar. Ennþá hafa engar tillögur verið lagðar fram, þótt liðin séu rúm tvö ár frá skipan nefndarinnar. Slík vinnubrögð eru í sjálfu sér ámælisverð ásamt með hinu, að nefndin hefur mér vitanlega ekki haft samráð við safnamenn eða neina þá aðila aðra, sem á því sviði vinna, er slík endurskoðun hlýtur til að taka.

Heildarendurskoðun laga á borð við þjóðminjalögin er enginn daglegur viðburður. Það er því afar mikilvægt, þegar til slíks kemur, að menn leiti fanga sem víðast og hagnýti sér alla þá reynslu og þekkingu, sem að gagni mætti koma til endurbóta á gildandi lögum. Þótt lög ein sér tryggji ekki framgang góðra mála, eru þau þó nauðsynleg forsenda fyrir veitingu fjármagns og samræmdri nýtingu þess í þurftarfrek málefni.

Með þessum línum er ætlun mín að reifa lauslega nokkur atriði, sem grandskoða þarf við yfirstandandi lagaendurskoðun. Er hér um að ræða vangaveltur varðandi heildarskipulag minja-

verndunar og samstarf safna á landsbyggðinni út frá reynslu minni sem starfsmaður Safnastofnunar Austurlands undanfarin ár.

Fyrst þetta um Safnastofnun Austurlands (SAL): Tilgangurinn með stofnun SAL árið 1972 var tvíþættur: Í fyrsta lagi að vinna að uppbyggingu þeirra safnmynda, sem þegar höfðu mótast í fjórðungnum, og í annan stað koma á samvirku skipulagi um minjaverndun í fjórðungnum almennt og efla samstarf einstakra smásafna á svæðinu um eðlilega dreifingu þeirra og skynsamlega og markvissa verkaskiptingu á milli þeirra. Með þessu skyldi reynt að girða fyrir handahóf við myndun og uppbyggingu safna og treysta samvinnu þeirra. En jafnframt skyldi SAL sinna ýmsum þeim verkefnum, sem einstök byggðasöfn eru ekki umkominn að rækja og Þjóðminjasafnið hefur af þekktum ástæðum og sökum fjarlægðar ekki getað sinnt: sem skyldi s.s. heildarskráningu fornminja, söfnun fróðleiks af þjóðháttafræðilegum toga, skráningu örnefna, verndun húsa og eldri mannvirkja ásamt skipulegum rannsóknum á þessum þáttum í samvinnu við Þjóðminjasafnið.


Hér er tæpast rúm til að tíunda þann árangur, sem náðst hefur með starfsemi SAL. Þrátt fyrir að tilfinnanlegur fjárskortur hafi mjög takmarkað umsvif stofnunarinnar, er það skoðun mín, að heildarstjórn þessara mála í hverjum fjórðungi með áþekku sniði og SAL sé nauðsynleg forsenda þess að skipulega verði unnið í framtíðinni að minjaverndun úti á landsbyggðinni. Samhliða þarf til að koma stórefling Þjóðminjasafnsins sem höfuðstjórnstöðvar þessara mála með nánari deildarskiptingu, er annist hin afmörkuðu svið minjaverndunarinnar. Þann skipulagslega þátt eftirlæt ég öðrum að ræða að sinni, en vil í lokin draga fram hugsanlega mynd af framtíðarskipaninni á landsbyggðinni:

1. Komið verði á fót safnastofnun í hverjum landsfjórðungi.
2. Sérmenntaður aðili, fjórðungsminjaverndur, veiti þeirri stofnun forstöðu, en stjórn hennar skipi fulltrúar byggðasafna á viðkomandi svæði.
3. Verksvið stofnunarinnar verði meðal annars:
 - að efla samvinnu einstakra safna og samræma störf þeirra með tilliti til verkaskiptingar, söfnunar, skráningar, viðgerða muna og forvörslu, uppsetningu og gerð sérsýninga ásamt samvinnu við skóla og almenning.
 - að vinna skipulega að skráningu, verndun og rannsóknum á fornminjum í samráði við Þjóðminjasafn svo og gömlum húsum og mannvirkjum. Á þann hátt verði safnað í einn stað í fjórðungi þeirri reynslu og þekkingu, sem söfnum ásamt einstaklingum og sveitarfélögum er nauðsyn að hafa aðgang að.
 - að safna, skrá og rannsaka þjóðhætti og önnur þjóðfræðileg efni í samvinnu við þjóðhátta-deild þjms. og hugsanlega byggðasögufndir í einstökum kaptúnum.
 - að skrá örnefni í samvinnu við Örnefnastofnun þjms.
 - að sinna umhverfisvernd í víðasta skilningi í samvinnu við náttúruverndarsamtök.
4. Laun fjórðungsminjaverðar verði greidd af ríkinu svo og ákveðið hlutfall reksturskostnaðar á móti framlögum samtaka sveitarfélaga. Annarra tekna verði aflað gegn þjónustu við einstök söfn og aðra aðila.
5. Staðsetning safnastofnunarinnar verði miðsvæðis í fjórðungi og/eða í tengslum við aðalsafn fjórðungsins, svo samnýta megi aðstöðu beggja aðila.

6. Fjórðungsminjaverðir hafi sem nánasta samvinnu við hinar ýmsu deildir Þjóðminjasafnsins og embætti þjóðminjavarðar, enda þjóni safnastofnunin umboðshlutverki þess á landsbyggðinni.

Vænti þess að framangreind atriði verði til þess að glæða lífi þá umræðu, sem nauðsynleg er nú sem fyrr meðal okkar safnamanna um skynsamlega stefnumótun á þessu sviði.

* * *



Konur í uppskipun á Ísafirði snemma á þessari öld.

Úr Ljós- og prentmyndasafni Þjms.

GÍNUR OSKAST

Þjóðminjasafn Íslands óskar eftir gömlum útstillingargörnum til kaups eða að gjöf.
Uppl. í síma: 1 32 64

STARFSMANNA- OG FJÁRÞÖRF ÞJÓÐMINJASAFNSINS

GUÐMUNDUR ÓLAFSSON

Þjóðminjasafnið og endurskoðun forminjalaganna hefur verið mörgum hugleikið um-ræðufni að undanfögnu, enda mun víst flestum safnmönnum það ljóst, hve brýn nauðsyn það er orðin að gagnger breyting verði gerð á skipan minjavörslunnar í landinu. Gunnlaugur Haraldsson fjallar um þessi mál á öðrum stað hér í blaðinu, og útskýrði hugmyndir sínar reyndar nánar á safnmannafundinum sem haldinn var í Arbæjarsafni fyrir skömmu. Þó að ég sé í flestu sammála Gunnlaugi, t.d. um safnastofnanir og fjórðungsminjaverði, þá langar mig til að gera athugasemd við þá hugmynd hans, sem hann reifaði á fundinum, að nauðsynlegt sé að koma á fót nýrri stofnun, Þjóðminja-stofnun, til að stjórna allri minjavörslunni, vegna þess að þjóðminjasafnið sé ekki fært um að gera það.

Þessu get ég ekki verið sammála.

Allflestir sem hugsað hafa um þessi mál munu vera þeirrar skoðunar að Þjóðminja-safnið sinni ekki nema broti af því sem því í raun ber að gera, og sú gagnrýni er í mörgu réttmæt. En þá má ekki gleyma, að getuleysi Þjóðminjasafnsins stafar fyrst og fremst af því átakanlega fjársveltí sem það hefur þurft að búa við frá upphafi vega. Það segir sig alveg sjálft, að hinir fáu starfsmenn Þjóðminjasafnsins komast ekki yfir öll þau feiknamörgu verkefni sem alls staðar kalla að.

Aðalvandinn stafar sem sagt af því, að of fáir eru að vinna störf of margra.

Lausnin til úrbóta er einföld: að tífalda starfsliðið. Þá værum við farin að nálgast hina raunverulegu starfsmannþörf safnsins. Meinið er bara það, að okkar blessaða ríkis-vald hefur alla tíð haft lítinn áhuga á jafn "óarðbærum" fjárfestingum og t.d. minja-varslan er.


En ef svo færi, að heimild fengist fyrir nýjum stöðum til minjavörslunnar, þá tel ég eðlilegra að þær færu til að efla starfsemi Þjóðminjasafnsins, fremur en að búa til nýja stofnun sem einnig yrði mannfæð og fjársveltí að bráð.

Minjavarslan hefur verið frá upphafi í höndum Þjóðminjasafnsins og margir þættir hennar eru svo samtengdir safninu að það orkar mikils tvímælis að ætla að greina þetta tvennt í sundur. Hér þarf að vera til stofnun þar sem sérfræðipækking er til staðar og önnur söfn geta leitað til eftir aðstoð, og sem jafnframt er miðstöð minja-vörslunnar í landinu. Ég tel að þetta hlutverk eigi að vera í höndum Þjóðminjasafnsins. En til þess að valda því hlutverki er nauðsynlegt að fjölga starfsfólki verulega, og um leið koma betra skipulagi á starfsemina.

A næstu blaðsíðu eru sett upp í töflu drög að hugsanlegri deildaskiptingu innan Þjóðminjasafnsins, sem ég vona að geti orðið kveikjan að umræðu um þessi mál, en deildaskiptingu safnsins tel ég vera eitt af frumskilyrðum fyrir því að stofnunin nái að þróast eðlilega.

Forstöðumaður Þjóðminjasafns (Þjóðminjavörður)

Safnráð Þjóðminjasafnsins - skipað yfirmönnum einstakra deilda safnsins.



Hver deild yrði að vera fjárhagslega sjálfstæður aðili, sem fengi annaðhvort úthlutað beint af fjárlögum, eða ákveðnu hlutfalli af ráðstöfunarfé safnsins.

Hér á eftir fara nánari skýringar við einstaka liði töflunnar, en ég hef talið heppilegt að skipta Þjóðminjasafninu niður í 6 deildir til að byrja með.

Örnefnastofnun er hér haldið utan við þessa mynd, þó að hún heyri að nafninu til undir Þjóðminjasafnið. Í reynd er hún algerlega sjálfstæð stofnun með eigið ráðstöfunarfé, og er að mörgu leyti gott fordæmi fyrir því, hvernig uppskipting verður starfseminni til framdráttar.

FORNMINJAEILD:

Verði fornleifarannsóknir áfram í verkahring safnsins er nauðsynlegt að ráðnir verði fornleifafræðingar, sem sinni rannsóknum eingöngu, og að þær verði ekki íhlaupaverk eins og nú er. Verkefnin eru næg, og væri hægt að velja þau og skipuleggja í samráði við fjórðungsminjaverðina (tilvonandi?). Minni háttar rannsóknir, sem oft kalla að vegna jarðrasks, ættu að geta verið í höndum fjórðungsminjavarðanna.

Þjóðminjaskráning: Á vegum safnsins er nú hafinn undirbúningur að allsherjarskráningu gamalla rústa og mannvirkja. Þetta er geysilega mikið verk, sem mun án efa taka áratugi að ljúka, en er jafnframt eitt af brýnustu verkefnum safnsins. Umfang þjóðminjaskráningarinnar á því tvímælalaust eftir að aukast verulega á næstu árum og gæti hæglega orðið að sérstakri deild síðar meir.

Starfsmannabörf deildarinnar:

- 1 Deildarstjóri
- 1-4 Fornleifafræðingar
- 2-6 Lausráðið fólk við fornleifarannsóknir
- 1-2 Heimildasafnarar við þjóðminjaskráningu
- 5-20 Lausráðið sumarfólk til svæðisrannsókna þjóðminjaskráningar
Hluti þeirra gæti verið undir umsjón viðkomandi fjórðungsminjavarða, eða safnastofnana.

SÝNINGA- OG KENNSLUDEILD

Hlutverk þessarar deildar er að hanna sýningar safnsins í samráði við sérfræðinga viðkomandi deilda. Hér er einnig átt við farandsýningar, sem senda mætti út í skóla, bókasöfn og fleiri opinberar stofnanir. Gerð skólaverkefna og umsjón með skólaheimsóknum í safnið yrði í verkahring þessarar deildar, einnig leiðsögn um safnið.

Starfsmannabörf deildarinnar:

- 1 Deildarstjóri
- 1 Hönnuður
- 1 Safnkennari, sem annaðist m.a. gerð skólaverkefna
- 1-2 Leiðsögumenn

SAFNADEILD

Þessari deild er ætlað að sjá um söfnun muna. Markviss minjasöfnun er orðin bráð nauðsyn svo að hægt sé að fylla betur í þær eyður sem nú eru í minjasöfnunum. Á hverjum degi glatast munir og minjar, sem hefði átt að varðveita, vegna þess að enginn er til að sinna þessum málum.

Sérfróðir safnarar þyrftu að vera innan hvernar undirdeildar til að annast söfnun á sínu sviði. Þeir ættu einnig að vera ráðgjafar fjórðungsminjavarða og einstakra byggðasafna.

Gera má ráð fyrir því, að einstakar undirdeildir geti vaxið svo mikið, að þær verði gerðar að sérstökum deildum eða söfnum síðar meir, t.d. Sjóminjasafn, tækniminjasafn o.s.frv.

Starfsmannapörf deildarinnar:

- 1 Deildarstjóri
- 6 Safnverðir
- 2 Skrásetjarar muna

LJÓSMYNDADEILD

Hér biður mikið verkefni óunnið í sambandi við skrásetningu og varðveislu á gömlum ljósmyndum og plötusöfnum. Gamlar glerplötur og ljósmyndir eru ómetanlegar heimildir sem eru mjög vandmeðfarnar og þarfnast alveg sérstakrar meðhöndlunar. Stór hluti af plötum Þjóðminjasafnsins og gömlum þjóðlífsmyndum er óaðgengilegur, bæði vegna þess að ekki eru til kópíur af þeim, og að þær hafa ekki verið flokkaðar niður. Þar að auki taka safnverðir jafnan mikinn fjölda mynda á ferðum sínum og við rannsóknir, sem þarf að skrá og flokka.

Það er því brýn nauðsyn á að ráðinn verði ljósmyndari við Þjóðminjasafnið ef einhver bót á að verða hér á.

Skráning og flokkun ljósmynda er gífurlega mikið starf og seinunnið, enda er um margra átuga uppsafnaðan vanda að ræða.

Mannamyndasafnið er þó ágætlega skráð og aðgengilegt, og er mikið notað af almenningi.

Starfsmannapörf deildarinnar:

- 1 Deildarstjóri
- 1 Ljósmyndari
- 2 Skrásetjarar ljósmynda
- 1 Umsjónarmaður myndasafna

ÞJÓÐHÁTTAÐEILD

Þeim fer óðum fækkandi sem enn þekkja til hinna gömlu þjóðfélagshátta af eigin reynslu og það eru því síðustu forvöð nú að fá munnlegar upplýsingar um hina fornu lífnaðarhætti þjóðarinnar. Verkefnin eru óþrjótandi og þjóðháttaeildin verður að fá stórauðin umsvif til þjóðháttaðarannsóknar.

Starfsmannabörð deildarinnar:

- 1 Deildarstjóri
- 5 Þjóðháttafræðingar

HÚSAFRÍÐUNARDEILD

Starfsemi húsafríðunarnefndar þarf að flytja inn á stofnun eins og t.d. Þjóðminjasafnið, svo að sérfræðipækking um gamlar byggingar sé ekki dreifð víða, heldur safnað á einn stað innan stofnunarinnar. Einnig vantar ráðgefandi upplýsingaþjónustu fyrir almenning, um viðhald og viðgerðir gamalla húsa, sem þessi deild gæti e.t.v. annast.

Húsafríðunarnefnd í núverandi formi ætti að leggja niður og ráða fast starfslið í staðinn

Starfsmannabörð deildarinnar:

- 1 Deildarstjóri
- 1 Arkitekt
- 2 Aðrir starfsmenn

Auk þessara ó deilda þarf auðvitað starfsfólk sem ekki er tengt neinni ákveðinni deild, svo sem:

Skrifstofa:	1	Skrifstofustjóri
	1	Ritari
Verkstæði:	4	Smiðir
Forvarsla:	2	Forverðir
Húsvarsla:	1	Húsvörður og birgðavörður
Bókasafn:	1	Bókasafnsvörður

Við Þjóðminjasafnið starfa nú 5 fastráðnir safnverðir og sé sá fjöldi borinn saman við upptalninguna hér að framan, sem er reyndar einungis mitt persónulega álit á starfsmannaþörf safnsins, má sjá að starfsfólk skortir í nær öll þau verkefni sem Þjóðminjasafninu er ætlað að vinna.

Engin fjölgun starfslíðs hefur fengist síðan 1968, eða í 12 ár, þó að verkefni og kröfur til safnsins hafi margfaldast.

Lengst af á nærri 120 ára ferli Þjóðminjasafnsins hafði það aðeins einum starfsmanni á að skipa hverju sinni. Enda er nú ástandið orðið þannig að hinn uppsafnaði vandi minjavörslunnar í landinu er orðinn svo stór að gífurlegt átak þarf til að lyfta henni úr þeirri lægð sem rúmlega 100 ára fjársveldi hefur skapað.

Eg tel, að þessi ófullkomna greinargerð hér að framan sýni að eðlileg starfsmannaþörf Þjóðminjasafnsins sé um 50-60 manns, fyrir utan gæslumenn á sýningartíma.

Algjört lágmark ætti að vera um 20-30 safnverðir, auk annarra starfsmanna.

Vonandi íhuga einhverjir þessar tölur með sjálfum sér og leggja eigið mat á það, hvort hér sé um raunhæfa þörf að ræða eða ekki. En megintilgangur þessarar greinar var einmitt að reyna að vekja menn til umhugsunar og umræðu um starfsmannþörf Þjóðminjasafnsins.

Fjárveiting ríkisins til Þjóðminjasafnsins á þessu ári eru tæpar 213 milljónir, að meðtöldum styrk til byggðasafnanna. Þessi upphæð samsvarar því að hver íslendingur greiði tæplega ÞÚSUND KRONUR á ári til minjavörslunnar í landinu.

Það hlýtur að vera öllum augljóst að verði sú upphæð ekki margfölduð og safninu jafnframt gert kleift að ráða starfsfólk til að sinna öllum þeim verkefnum sem hér hefur verið dregið á að framan, þá munu litlar úrbætur geta átt sér stað, og minjavarðslan verður áfram eins og fálmennt klór í bakkann, hjá því fámenna en hugdjarfa liði sem nú er ætlað að anna þessu öllu.

Athugasemd.

Eftir að þessi grein var skrifuð hafa ný fjárlög séð dagsins ljós. Þar eru Þjóðminjasafni ætlaðar um 275 milj. króna ráðstöfunarfé á árinu 1981.


Þrátt fyrir um 60 milj. kr. krónutöluhækkun, er hér raunverulega um þónokkra lækkun að ræða frá fyrra ári, þar eð þessi upphæð heldur engan veginn í við þá verðbólguþróun sem er í landinu.

HÉR MIÐAR ÞVÍ ENN AFTURÁBAK.

Hve lengi eigum við að una þessu skilnings-og viljaleysi yfirvalda í þessum málum ? Er orðið tímabært að knýja á um breytingu, eða eigum við að bíða róleg í aðra öld ?

HUGLEIÐINGAR UM SAFNAHÚS

Nanna Hermannsson



„VANDINN AÐ VELJA“

Teikning eftir Bo Bojesen

A mörgum stöðum hafa verið reistar byggingar, eins konar menningarmiðstöðvar, þar sem nokkur söfn hafa fengið inni, t.d. á Selfossi, á Húsavík, í Vestmannaeyjum, og nú á að reisa safnahús í Borgarnesi.

Í vor var haldin í Ásmundarsal sýning á 20 tillögum arkitekta sem höfðu tekið þátt í samkeppni um byggingu fyrir Borgarnes og Borgarfjarðarhérað. Þar eiga héraðsbókasafn og héraðsskjalasafn, náttúrugripasafn, listasafn og byggðasafn að starfa sem ein menningarstofnun.

Það er í raun stórvíðburður að reist séu ný hús yfir söfn og þessvegna spennandi að sjá tillögunar. Þær voru svipaðar í uppbyggingu þar sem þær voru háðar ákvæðum/skilyrðum útboðs. Útlitið var með ýmsu móti, enda var óskað eftir að byggingin sýndi að hér væri um aðal-menningarstofnun staðarins að ræða.

Ég skoðaði þessar tillögur með það í huga að ég ætti sjálf að vinna í þessum nýju húsum og fór svo að hugleiða hvers ég vildi sjálf óska fyrir mitt byggðasafn.

Sjálf hef ég enga reynslu af safnahúsi með mörgum söfnum, en það hlýtur að vera gott fyrir alla ef sameiginlegt anddyri, fundarsalir og kaffistofa nýtast vel og fólk finnur að það eigi þar heima og eigi þangað erindi, jafnvel í fleiri en eitt safn í sömu ferð.

Það hlýtur alltaf að vera fjárhagslegt átak að reisa menningarstofnun því henni þarf að ganga frá sem einni heild. Bygðasafninu vildi ég þó óska að mögulegt væri að stækka það í framtíðinni. Við vitum ekki hvaða kröfur verða gerðar til þessa safns, en við vitum að söfnin vaxa þó að enn hafi litlu verið safnað frá seinni tímum.

Þá hugsa ég fyrst um geymslurými því það er of lítið í flestum söfnum, óaðgengilegt og óhentugt bæði fyrir menn og muni. Fyrir mörgum árum fékk ég að sjá safn í byggingu í París (Musée des Arts et Traditions Populaires, opnað 1975). Þar voru safnamenn hreyknir yfir að fá sýningarrými sem líktist mjög stórum verksmiðjuskála og í kjallara var jafnstór gólfplötur fyrir geymslur. Þar hafa verið gerð svonefnd "studiemagasín" eða geymslur sem almenningur hefur aðgang að og þar sem hægt er t.d. að skoða í alla kistla safnsins.

Í nýja etnografiska museet í Stokkhólmi virðast geymslur vera jafnstórar og sýningarsalir.

Auðvitað er ekki hægt að bera þessi stóru söfn saman við bygðasöfn okkar, en stefnan hlýtur að verða áþekk.

Í sumum söfnum eru flestallir munir til sýnis. Þó held ég að margir óski frekar eftir því að fá sýningar þar sem munirnir eru settir í stærra samhengi, með "umhverfi", með ljósmyndum og frásögnum. Það er mikill vandi og mikið verk. Nýjar glæsilegar byggingar auka líka kröfurnar til sýninganna sem þar eiga að vera. Meðan ég var að skoða tillögurnar að safnahúsi fannst mér að það hlyti að þurfa marga starfsmenn í svona hús til þess að það nýttist. Um áhuga almennings er ég í engum vafa, en hann þarf að glæða.

Það væri synd ef byggingarkostnaður yrði svo mikill að spara þyrfti í starfsmannahaldi þegar byggingin er fullgerð. Þá óska ég þess einnig að kostnaður við rekstur hússins, lýsingu, hreingerningu, umsjón og viðhald, yrði sem lægstur til að ráðstöfunarfé fari sem mest til starfseminnar.

Nú orðið er það sjálfsagt að í nýbyggingum sé tekið tillit til hreyfihamlaðra en þeir eiga erfiðan eða engan aðgang að öllum þeim söfnum sem eru í eldra húsnæði. Það ætti að vera eins sjálfsagt og að tekið sé tillit til starfsfólks og þeim veitt þægileg eða hentug vinnuaðstaða.

Í safnahúsi ætti að vera hleðslupallur þar sem hægt væri að keyra að húsinu og koma stórum kössum, t.d. með farandsýningum beint inn í móttökusal. Í þeim sal mætti líka vera aðstaða til að hreinsa muni sem berast safninu. Þó að hvert safn þurfi ekki heilt verkstæði fyrir forvörslu þarf rými til viðgerða og einnig þarf þar að vera hægt að útbúa t.d. sýningar-skápa þó að stærri smíði fari fram í sýningarsal.

Birta eyðir mörgu af því sem söfnin eru að reyna að varðveita, en nú orðið ætti að vera hægt að setja filter bæði á glugga og rafljós. Í sýningarsali óska ég mér glugga með hlerum svo að hægt sé að breyta húsnæðinu eftir sýningum. Það er ekki gott að byrgja alla glugga svo safngestir tapi áttum og viti ekki hvar þeir eru staddir í húsinu. Sjálfri finnst mér það skipta miklu máli að ég skilji hvar í húsinu ég er stödd, sérstaklega þegar ég er í stórum erlendum söfnum þar sem mörg herbergin eru gluggalaus með daufri lýsingu. Fyrir bygðasafn getur það verið mikils virði að sýningin tengist beint stórum hlutum sem standa úti og sjást best út um glugga safnsins.

Ég held að vöxtur byggðasafns/menningarsögulegs safns og framtíðarþörf þess fyrir húsnæði hljóti að vera með öðrum hætti en vöxtur skjala-bóka-og listasafna. Safnaukinn í þeim gæti verið svipaður frá ári til árs, en það safn sem vill lýsa lífnaðarháttum okkar verður að varðveita margskonar muni í framtíðinni. Kannski verður nauðsynlegt að skipuleggja söfnun og sýningar allt öðruvísi en nú er gert til þess að viðfangsefnið verði viðráðanlegt.

Æskilegt húsnæði byggðasafna er því "teygjanlegt", vel byggt, en ekki íburðarmikið, með góðri vinnuaðstöðu og góðum sýningarstöllum.


Það er oft talað um að söfnin eigi að vera "lífandi", og þegar reist er safnahús þar sem vel er hugsað um anddyri, fundar-og fyrirlestrarsal og kaffistofu er það til að menn nýti söfnin betur.

Þó hef ég einhvern veginn á tilfinningunni að það þurfi að gefa meiri gaum að því sem er í söfnunum og að vel sé unnið úr þeirri vitneskju sem þar er geymd til þess að söfnin séu "lífandi" menningarstofnanir og geti gefið fólki eitthvað. Hér er ég ekki fyrst og fremst að hugsa um aðstæður í Borgarnesi því að þær þekki ég ekki.

Þessar hugleiðingar mínar spruttu út af safnahúsinu í Borgarnesi, en þess vil ég óska söfnunum og safngestum þar að þeim gangi vel að koma upp húsinu sínu, sem vonandi verður óskabarn þeirra.

* * *

BAÐSTOFUSMÍÐ Í ÞJÓÐMINJASAFNI



Pétur G. Jónsson og Guðmundur Baldur Jóhannsson vinna hér að uppsetningu gamallar baðstofu frá Skörðum í Dölum sem talin er vera reist árið 1857. Henni hefur verið valinn staður í einum hliðarsal Þjóðminjasafnsins og verður vonandi opnuð til sýningar innan skamms.

UM FORVÖRSLU

Kristín H. Sigurðardóttir

Eftirfarandi eru nokkur atriði varðandi forvörslu safngripa í sýningarsölum, hverjir eru helstu skaðvaldar þeirra og hvernig má draga úr eða koma í veg fyrir eyðileggingu gripanna.

Helstu skaðvaldar gripanna eru:

1. Ostðug eða röng rakaprósenta lofts. Hún getur myndast vegna hitastigsbreytinga, loftleka milli herbergis og sýningarskáps og vegna loftþrýstingsbreytinga.
2. Dagsbirta og raflýsing (ultra-fjólubláir og infra-rauðir geislar).
3. Rangt hitastig.
4. Mengun og önnur óhreinindi, svo sem hár, skinnagnir og fatatrefjar.
5. Skordýr, sveppa- og myglugróður.

1. Rakaprósenta.

Af ofanskráðu er rakaprósentan einna mikilvægust. Lífrænt efni er að hluta úr vatni og eftir dauða þess helst ákveðið vatnsmagn í því. Til að hindra skemmdir hlutar úr lífrænu efni þarf að gæta þess að hann sé hvorki of rakur né of þurr. Rakaprósenta loftsins umhverfis hann verður því að vera mátuleg.

Hafa ber í huga að rakaprósenta er ekki sama og rakamagn. Það hefur reynst óhentugt að mæla rakamagn lofts til að fylgjast með því hvort loft er of rakt eða of þurrt. Ef við mældum rakamagnið og það væri t.d. 10g/m^3 þá reyndist heitt loft með þetta rakamagn vera mjög þurrt. En kalt loft gæti reynst vera það rakt að raki þéttist, vegna þess að heitt loft heldur í sér meiri raka en kalt loft. Rakaprósenta lofts er notuð vegna þess að lofteiningar með mismunandi hitastig en sömu rakaprósentu eru jafn þurrar/rakar.

$$\text{rakaprósenta} = \frac{\text{rakamagn í ákveðinni lofteiningu}}{\text{rakamagn sem þarf til að sama lofteining mettist við sama hitastig}} \times 100$$

Rakaprósenta lofts í snertingu við hluti úr lífrænu efni t.d. pappír eða textíl má hvorki vera of lág né of há. Sé hún of lág (undir 40%) er hætt á að trefjar hlutanna verði of stökkar og þær brotni. Ef hún er of há (yfir 70%) er hætt á myndun myglu- og sveppagróðurs. Auk þess myndar of há rakaprósenta og hiti t.d. frá raflýsingu efnasambönd sem valda því að textíll og pappír upp-
litast.

Málmar þurfa lága rakaprósentu. Sé salt í málminum má rakaprósentan ekki vera hærri en 40-45%, annars tærist málmurinn. Sé málmurinn vel farinn og sterkur þolir hann upp að 55% raka-
prósentu.

Svo virðist sem rakaprósenta milli 50-55% henti flestum hlutum, einnig málum, nokkuð vel. Það er því æskilegt að rakaprósenta á þessu bili sé í sýningarhúsnæði og skápum. Það er ennfremur nauðsynlegt að loftræsting í sýningarhúsnæði sé góð. Þá er auðveldara að hindra að utanaðkomandi hitastigsbreytingar valdi því að rakaprósentan inni í húsinu breytist.

Æskileg rakaprósenta:

50-55% olíumálverk, húsgögn, viður, blandaðar sýningar

40-50% textíll, pappír

40-45% málmar

2. Dagsbirta og raflýsing (ultra-fjólubláir og infra-rauðir geislar).

Ljósgeislar, einkum ultra-fjólubláir geislar veikja og upplita yfirborð hluta úr lífrænum efnum. Í dagsbirtu er mikið af ultra-fjólubláum geislum. Það má minnka eða hindra eyðileggingu af völdum þeirra með því að setja t.d. gluggatjöld sem sía ultra-fjólubláa geisla fyrir glugga og eins má setja ultra-fjólubláar síur í eða á gler.

Ultra-fjólubláir geislar berast einnig frá raflýsingu. Það er hægt að koma í veg fyrir óþarfa skemmdir af völdum þeirra með því að hafa eins litla lýsingu og hægt er að komast af með. Eða með því að setja síur á lampana.

Lýsing sem nemur 50 luxum er talin henta viðkvæmum hlutum, svo sem textíl, vatnslitamyndum og ólituðu leðri. Fyrir horn, þein, olíumálverk og litað leður er 150 luxa lýsing hæfileg. Sterkari lýsing en 300 lux er talin óþörf. Ljós magnið er mælt með ljósmælum en þar til gerður mælir er notaður þegar ultra-fjólubláir geislar eru mældir.

3. Rangt hitastig.

Hitastig skiptir ekki eins miklu máli og rakaprósenta, ljósgeislar og mengun. Reyndar kvikna gerlar og skordýr ef hitastig er of hátt og ef hitastig eykst og rakaprósentu er ekki haldið stöðugri þorna hlutir úr lífrænu efni.

Æskilegast er talið að hitastig sé 10-20° C.

4. Mengun og önnur óhreinindi, svo sem hár, skinnagnir og fatatrefjar.

Í lofti sem berst inn í hús er alltaf einhver mengun af völdum bíla og stóriðjuvera. Auk þess berast á safngripi ýmis konar óhreinindi svo sem hár, fatatrefjar og skinnagnir sem gerlar og skordýr þrífast á. Óhreinindin geta bundið raka á yfirborði hluta. Það er slæmt fyrir málma, því við það myndast hringrás sem hraðar tæringu þeirra.

Hægt er að sía mengun og ryk með síukerfi tengdu loftræsikerfi. Odýrari varúðarráðstöfun er að setja hluti í sýningarskápa. Það er æskilegt að sem flestir hlutir séu í sýningarskápum og þá í þéttum skápum sem að einhverju leyti eru gerðir úr viði. Viður drekkur í sig og gefur frá sér þó nokkurn raka og með því að hafa ákveðið magn viðar á móti ákveðnu magni lofts sem skápurinn inniheldur (100g-1kg viðar/100L lofts) er hægt að halda rakaprósuntunni í skápnum þó nokkuð stöðugri. Einnig er hægt að hafa tvöfaldan botn í skápnum og setja saltlausnir (sodium brómið eða magnesíum nítrat), sem hjálpa til við að halda rakastigi stöðugu, á milli botnanna. Raka-tæki eru einnig notuð til að halda rakaprósuntunni stöðugri. Til að fylgjast með rakaprósuntunni

í skápunum er nauðsynlegt að hafa rakamæli í þeim.

Af völdum raflýsingar í lokuðum skápum geta myndast efni svo sem vatnsefnisklóríð sem geta eyðilagst hluti sem í þeim eru. Því er æskilegt að hafa loftgat á skápnum. Það á að vera sem lengst frá safngripum, þar sem rakaprósantan í kringum gatið er óstöðug. Til að mengað loft eða ryk eigi ekki greiðan aðgang inn í skápana er hægt að setja glerullarsíu í gatið.

Hafa ber í huga að í spónaplötum, lími og litarefnum fóturs sem notað er innan í sýningar-skápa geta verið efni sem skemma safngripi. T.d. eru lífrænar sýrur í eik og pappa sem eyðileggja blý. Litarefni í filti veldur því oft að það fellur á silfur. Það er óæskilegt að leggja málmhluti á óhreinnaðan sand eða steina af sjávarströnd þar sem fjörusandur og steinar innihalda salt sem hraðar tæringu málmanna.

5. Skordýr, sveppa- og myglugróður.

Ef rakaprósenta er of há, 65–70%, er hætta á myglu- og sveppagróðri sem eyðileggur trefjar pappír og textíls. Mölur og bjöllur eru alltaf til staðar og verður að eyða þeim með eitri.

Geymslur.

Það er nauðsynlegt að loftræsing sé góð í geymslum og að þær séu rakalausar og hreinar. Það er óæskilegt að hlutir séu geymdir á hillum sem eru fastar við útvegg eða á beru gólfi þar sem rakaprósenta gólfsins og veggjanna getur verið önnur en loftsins í geymslunni. Hlutimir drekka þá í sig raka eða gefa frá sér til að aðlagast nýrri rakaprósentu. Ef þeir þenjast út og skreppa saman á víxl myndast spennan í hlutum og hann getur orpist eða sprungið ef um við er að ræða. Hillur eiga því að vera lausar frá veggjum og gólfi. Hillur og kassar sem hlutir kunna að vera geymdir í þurfa að vera vel merkt svo auðvelt sé að ganga að þeim.

Það á að búa þannig um munina að þeir hafi stuðning. Búninga er æskilegt að geyma á þar til gerðum herðatrjáum með púðum sem koma í veg fyrir að þyngdin verði öll á sama punkti og búningurinn rifni. Séu hlutir pakkaðir niður í kassa er æskilegt að veita þeim stuðning með sam-anvöðluðum sýrulausum silkipappír. Bómull má aldrei vera í snertingu við safngripi því trefjar hennar geta flækst í sprungur í gripnum og valdið því að hann flagnar eða brotnar smám saman. Geyma skal textíl og teikningar flöt.

Það er oft gott að hitastig sé lágt í geymslum t.d. 5–10°C, þetta hitastig er talið henta pappír og textíl vel og rakaprósenta á að vera í samræmi við það sem áður er upp gefið.

Fylgjast ber vel með geymslum og sjá til þess að þær séu hreinar.

Heimildir:

Thomson, G.	1978	<u>The Museum Environment, The Butterworth Series on Conservation in the Arts, Archaeology and Architecture, London.</u>
Oddy, W.A.	1973	"An Unsuspected Danger in Display". <u>Museums Journal</u> 73, 27-28.
Padfield, T.	1966	"The Control of Relative Humidity and Air Pollution in Show Cases and Picture Frames." <u>Studies in Conservation</u> 11, 8-27.
Padfield, T.	1967	"The Design of Museum Show Cases." <u>IIC London Conference on Museum Climatology</u> , 119-126
Werner, A.E.A.	1972	"Conservation and Display, (i) Environmental Control, <u>Museums Journal</u> 72, 58-60.

* * *



ÁRBÆJARSAFN
130 Reykjavík sími 84412



Starf safnvardar við Árbæjarsafn er laust til umsóknar

Starfið verður veitt frá 1. febrúar 1981. Umsækjandi skal hafa menntun á sviði þjóðháttafræði, fornleifafræði, eða áþekka menntun.

Starfsreynsla er æskileg.

Laun samkvæmt launakerfi BSRB.

Upplýsingar um starfið veitir borgarminjaverður, í síma 8 44 12.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist borgarminjaverði, Árbæjarsafni, 130 Reykjavík, fyrir 10. janúar 1981.

UM SKÓLABJÓNUSTU

Guðný Gerður Gunnarsdóttir

A stöðustu árum hafa verið uppi umræður meðal safnmanna um tengsl skóla og safna. Á erlendum söfnum, t.d. víða á Norðurlöndum, er samvinna við skólana orðin fastur þáttur í starfseminni. Eru þá sérstakir starfsmenn á safninu sem sjá um að taka á móti skólanemendum. Þessir starfsmenn útbúa verkefni, bæði í sambandi við fastasýningu og eins við sérsýningar sem aðeins standa í stuttan tíma, hafa samband við kennara sem vilja koma með nemendur í safnið og leiðbeina þeim meðan dvalist er þar.

Hér á landi hefur þessum málum verið lítið sinnt en á síðasta ári skipaði Menntamálaráðuneytið nefnd sem ætlað er það hlutverk að kanna tengsl safna og skóla, með það fyrir augum að auka samvinnu þessara aðila.

Síðast liðna tvo vetur hef ég tekið á móti skólabörnum sem koma í Árbæjarsafn og ætla ég hér að segja frá nokkrum hugmyndum um samvinnu safna og skóla.

Til að heimsókn í safn komi nemendum að gagni þarf hún að vera vel undirbúin og í tengslum við þau viðfangsefni sem verið er að fást við í skólanum. Heimsókn í safn má skipta í þrennt: Forvinnu, skoðun og eftirvinnu. Undirbúningurinn hefst í skólanum áður en komið er í safnið. Kennaranum hafa verið send gögn, lesmál og myndir, ásamt ábendingum um heimildir. Hann kynnir væntanlega safnferð fyrir nemendum, og reynir að vekja forvitni þeirra. Þegar í safnið kemur er það skoðað og nemendum fengin verkefni sem þau eiga að vinna í safninu. Verkefnin eru ýmist skrifleg, nemendur eiga að svara spurningum, finna ákveðna hluti, teikna o.s.frv., eða verkleg, þ.e. vinna með áhöldum. Skriflegu verkefnin eru frekar við hæfi eldri nemenda, sem ráða við að vinna sjálfstætt, en hin henta betur þeim yngri. Á mörgum söfnum erlendis eru sérstakar vinnustofur ætlaðar skólabörnum. Þangað er farið eftir að safnið hefur verið skoðað. Þar fá þau að sjá vinnubrögð og síðan fá þau sjálf að reyna við að spinna, vefa, strokka, mala kom, allt eftir því hvað verið er að fjalla um.

Til þess að kennsla nái vel til allra nemenda mega hóparnir ekki vera of stórir. Eru 15–20 börn hæfilega stór hópur.

Árbæjarsafn er minjasafn Reykjavíkur og því eru verkefni tengd sögu borgarinnar tilvalin við skoðun safnsins. Útbúið hefur verið verkefni, lesrök sem send er til undirbúnings í skólann, og verkefnisblað sem unnið er með í safninu. Í verkefninu er fjallað um þróun byggðar og atvinnuhátta í Reykjavík frá tímum Innréttinganna og fram á þessa öld.

Þegar nemendur koma í safnið er byrjað á að kynna þeim starfsemi þess og skoðuð eru kort sem sýna byggðarþróun Reykjavíkur. Síðan er nemendum skift í minni hópa sem hver fær eitt ákveðið hús að skoða og vinna verkefni um. Húsinu er lýst með tilliti til gerðar, byggingarefnis herbergjaskipanar, upphitunar og það borið saman við hífýli nú á dögum. Að lokum er safnast saman í kennslustofu safnsins þar sem nemendur kynna hvert öðru það sem þeir hafa séð. Þegar komið er aftur í skólann er heimsóknin efni í umræður og frásagnir.

Minjasöfnin bjóða upp á nær óþrjótandi möguleika til að sýna börnum "áþreifanlega" það sem þau aðeins þekkja af bókum. Slíkt gefur allt aðra tilfinningu fyrir fortíðinni. Því er mikilvægt að söfnin rækji skyldu sína við börnin.

FORNLEIFARANNSÓKNIR

Á STÓRUBORG

Mjöll Snæsdóttir

Austur undir Eyjafjöllum á bænum Stóruborg stendur hóll einn mikill úti undir sjó. Brim og árnar í nágrenninu hafa verið að brjóta af honum í fjölda ára. Þetta er gamli bæjarhóllinn á Stóruborg. Um 1840 urðu bændurnir sem þá bjuggu á Stóruborg að færa bæinn af hólnum, þar sem hann hafði staðið lengur en menn mundu og setja hann niður fjær sjónum. Nú er hóllinn gróðurlaus að mestu, en þeir sem muna eftir honum á fyrri hluta þessarar aldar segja að hann hafi þá allur verið gróinn.

Síðan ár og brim fóru að eyða hóllinn hafa komið þar í ljós mikil ummerki um mannabyggð. Síðustu 20 árin hefur Þórður Tómasson safnvörður í Skógum fylgst með hólnum og bjargað það-
an fjölmörgum munum frá ýmsum öldum, sem brimið hefur rótað fram.

Árið 1972 fletti brimið ofan af kirkjugarði suðaustan í hólnum. Þórður Tómasson kortlagði það sem þá sást af garðinum og sá þá 80 grafir. Í garðinum mátti þá einnig sjá leifar kirkju.

Sumarið 1978 var byrjaður uppgröftur á vegum Þjóðminjasafnsins á Stóruborg. Það sumar var kirkjugarðsstæðið kannað að mestu og allar grafir sem fundust mældar og teiknaðar. Fundust alls grafir 66 einstaklinga. Með samanburði við kortið frá 1972 er helst að sjá að þær grafir sem fundust 1978 hafi fæstar verið sýnilegar 1972, en þær sem sáust 1972 hafi flestar verið horfnar 1978. Ætti þá fjöldi þeirra er jarðaðir voru í kirkjugarðinum á Stóruborg að vera yfir 146. Flestar grafirnar sem sáust 1972 voru með kistuleifum, en allflestar er kannaðar voru 1978 voru kistulausar.

Sumarið 1978 var mjög lítið eftir af kirkjurústinni, en þó mátti sjá hvar kirkjan hafði staðið.

Sumrin 1979 og 1980 fóru fram rannsóknir á sjálfu bæjarstæðinu. Þar eru miklar leifar húsa sem hafa verið byggð hvert ofan á annað. Í þeim hluta hólans sem verið er að rannsaka er búið að grafa í gegn um 5 byggingarskeið og eru elstu leifarnar frá 16. öld. Þar undir eru þó leifar enn eldri byggðar.

Hlutir eru mjög vel varðveittir í Stóruborg, og hefur fundist bæði mikið af tréhlutum og vefnaðarleifum. Til marks um þann mikla fjölda muna sem rannsóknin hefur leitt í ljós, þá voru skráð rúmlega 500 fundanúmer árið 1979 og hátt á 9. hundrað sumarið 1980.

Enn er mikið eftir óunnið í Stóruborg og eftir að kanna rústir frá mörgum öldum. Takist að grafa bæjarústirnar upp áður en náttúruöflin ná að tortíma þeim, ættu þær að gefa okkur geysimikinn fróðleik um breytingar í húsaskipan. Einnig virðast rústirnar í Stóruborg eiga eftir að gefa okkur mikinn fjölda af hversdagshlutum frá liðnum öldum, hluta sem tæplega eru til annars staðar.

FORNLEIFARANNSÓKNIR Í GAUTAVÍK

Guðmundur Ólafsson

Sumarið 1979 hófust rannsóknir í Gautavík, gamla verslunarstaðnum við Berufjörð í S- Múlasýslu. Tildrög þess má rekja til þjóðhátíðarársins 1974, en þá lofuðu Þjóðverjar að leggja fram fé í fornleifarannsókn á Íslandi, og þótti Gautavík heppilegt verkefni fyrir slíkt samstarf margra hluta vegna. Meðal annars vegna þess að í heimildum er talið að Þjóðverjar hafi stundað verslun í Gautavík fyrr á öldum.

Ekki var hægt að ráðast í þennan uppgróft þá strax, en 1978 kom dr. Torsten Capelle, prófessor í fornleifafræði við háskólann í Münster, til að skoða staðinn og ræða við þjóðminjavörð og fleiri um málið. Varð niðurstaðan sú að verkið skyldi unnið undir yfirlýðningu þjóðminjafsnisins og að þjóðverjar skyldu leggja til starfskrafta og kosta þá að fullu.

Torsten kom svo aftur í fyrirasumar með 5 útvalda nemendur sína með sér, og dvöldu þau hér í 3 vikur. Af hálfu þjóðminjafsnisins fóru Guðmundur Ólafsson safnvörður og Ívar Gissurarson fornleifafræðinemi, og voru þeir í 5 vikur. Einnig aðstoðaði Gunnlaugur Haraldsson, frá safnastofnun Austurlands, um vikutíma, og sá hann einnig um undirbúning á staðnum.

Fljótlega kom í ljós að þarna voru miklu fleiri rústir en nokkum hafði órað fyrir, sennilega ekki færri en 30 - 40 talsins, og má skipta rústaþyrpingunum niður í þrjú svæði, sem við nefndum Eystri byggð, Vestri byggð og Suðurbyggð.

Eystri byggð

Við Íslendingarnir höfum rannsókn í Eystri byggð og grófum upp eina rúst, vestast á svæðinu. Hún var tæplega 6 m löng og 3 m breið, að innanmáli. Veggir voru hlaðnir úr grjóti og torfi og var núverandi hæð þeirra um 70 cm, en þeir munu hafa verið eitthvað hærri í upphafi. Inngangur var á suðurhlíðinni nálægt miðju.


Hús þetta hefur að öllum líkindum verið einhverskonar birgðaskemma, reist í lok 14. aldar, en á því tímabili virðist hafa byrjað nýtt blómaskeið verslunar í Gautavík með mörgum nýbyggingum. Ekki er ósennilegt að Eystri byggð sé að mestu leyti frá þessum tíma, en þar er nú hægt að greina um 18 - 19 rústir.

Undir þessum rústum leynast þó leifar af eldri byggð, sem eru frá því fyrir gosið í Örafajökli 1362. Sú byggð hefur orðið að víkja fyrir þeim nýju húsum sem komu í lok 14. aldar.

Birgðaskemman sem rannsökuð var, virtist hafa verið í fullri notkun í byrjun 15. aldar, en þá dregur brátt úr þeirri notkun og þegar síga tekur á seinni hluta aldarinnar hefur húsið verið farið að bila nokkuð og notkunin í lágmarki.

Árið 1477 fellur þykkt öskulag í Gautavík og þekur alla byggð þar.

Skömmu eftir gosið hefur húsið verið tekið aftur í notkun, veggirnir endurbættir og hækkaðir, og gaflarnir hlaðnir úr torfi. Sama þróun og áður á sér svo stað. Að nokkrum tíma liðnum fer aftur að draga úr notkun hússins, og um aldamótin 1600 má ætla að það sé endanlega yfirgefið.



Eystri byggð. Rúst 1 að rannsókn lokinni. Veggjahleðslur hafa verið lagfærðar. Horft til vesturs.

Ljósmynd: Guðmundur Olafsson.

Í húsinu fundust á annað hundrað munir, aðallega brot úr innfluttum leirkerum og naglar. Ekkert sem gat tengt ákveðna starfsemi við húsið.

Aldursákvæðanir byggjast að miklu leyti á greiningu öskulaga á staðnum og sá Guðrún Larsen jarðfræðingur um þá greiningu.

Vestri byggð

Þjóðverjarnir hófu sínar rannsóknir í Vestri byggð, sem er rústaþyrping með um 8 - 10 rústum, en hurfu brátt þaðan vegna grunnvatnsins sem leitaði mjög upp. Þó var hægt að ganga úr skugga um að rústirnar höfðu farið í eyði alllöngu fyrir gosið 1477.

Suðurbyggð

Suðurbyggð er á ösyrinni, suður af Eystri byggð. Þarna hefur Búðaa forðum flætt yfir og fært flestar rústirnar í kaf. Sums staðar er framburðurinn allt að einum metra á þykkt yfir rústunum, og er því erfitt að gíska á fjölda rústa á þessu svæði.

Þjóðverjarnir rannsökuðu þarna litla rúst, sennilega næst frá 18.- 19. öld, en undir því komu í ljós merkilegar minjar. Þar voru leifar af eldra torfhúsi með inngang á gafli, sem snéri niður að sjó. Í hinum enda hússins var upphækkaður pallur hlaðinn úr stóru fjörugrjóti, og var fyllt á milli með sandi. Þar ofaná var lagt hringlaga múrsteinsgólf



Suðurbyggð. Horft yfir "reykhús"- rústina meðan á rannsókn stóð.
Ljósmynd: Guðmundur Olafsson.

um 2 m í þvermál og með lágum múrvegg umhverfis. Gólf hússins, fyrir framan upphækkunina, var þakið kolasalla.

Í umfangsmikilli skýrslu sem Þjóðverjarnir hafa sent frá sér um niðurstöður rannsókna sinna, leiða þeir nokkur rök að því, að þarna sé um að ræða reykhus, þar sem reykstur var fiskur við kaldan reyk. Þ.e.a.s. að reykur hefur verið leiddur inn í reykofn, í þessu tilviki múrsteinahringinn, utan frá.

Nú er mér ekki kunnugt um önnur slík reykhus hér á landi og væri því fróðlegt að heyra hvort lesendur þekkja einhver dæmi um þessa reykingaraðferð annars staðar af landinu. Allar upplýsingar þar að lútandi eru vel þagnar.

Hvað aldursákvörðun snertir, þá mun þetta hus sennilega vera frá seinni hluta 15. aldar.

Framhald rannsókna

Þær rannsóknir sem gerðar voru sumarið 1979 í Gautavík, sýndu að þar liggur fyrir gríðarstórt verkefni sem mun taka fjölda ára, ef ekki áratugi að ljúka.

Af ýmsum óviðráðanlegum ástæðum munu þó framhaldsrannsóknir í Gautavík liggja niðri um sinn, en vonandi verður þess ekki langt að bíða að hægt verði að taka þær upp að nýju.

KRÍLUÐ BÖND ?

Elsa E. Guðjónsson


Eftir heimildum verður að ætla að kríluð bönd, sem svo voru nefnd (sjá 2. mynd), hafi verið algeng áður fyrr. Voru þau notuð á margan hátt, svo sem í tengsli, stroffur og bolreimar, til bryddinga og sem slitbönd innan á samfellufalda. Svo einkennilega vill þó til að sárafá kríluð bönd hafa varðveist í Þjóðminjasafni Íslands. Er þar raunar aðeins vitað um kríluð bönd notuð, ásamt fótöfnum böndum og kappmelluðum grunnasaumum, í skinnsaumaða hembuborða úr svörtu togi, trúlega frá 18. öld. Borðar þessir eru fjórir talsins, tveir samstæðir, einn stakur heill og hluti af öðrum (Þjms. 554 a, b, 4211 og 1005), og gerði ég þeim skil í grein minni "Um skinnsaum" í Árbók hins íslenska forn-leifafélags 1964.

Að því er segir í íslenskum þjóðhátum var krílað á þremur, fimm, sjö og jafnvel níu þáttum, ennfremur að kríluð bönd séu flöt, en þó þykkust í miðju og að mátt hafi kríla með mismunandi litum. Ekki er lýst aðferðinni við að kríla, og þar eð ætla má að fáir munu nú kunna hana, skal henni lýst hér í stuttu máli. Aðferðina lærði ég fyrst hjá Halldóru Bjarnadóttur (f. 1873) 1959, en nokkrum árum síðar rifjaði Elínborg Aðalbjarnardóttir (f. 1912) hana upp með mér. Þess má geta að lýsing þessi birtist einnig í fyrrnefndri grein minni.


Fyrirsögnin er miðuð við að krílað sé á sjö þáttum. Búnar eru til sjö lykkjur, um einn metri á lengd hver, þær bundnar saman og festar, til dæmis við rúmstuðul eða hurðarsneril. Úr lykkjum þessum fæst um 75 cm langt band. Þær eru settar upp á fingur beggja handa (1. mynd a), þrjár á vinstri (á B, C og D), en fjórar á hægri (á E, F, G og H), og snúa lófarnir að. Þá er farið að kríla.

^x Vísifingri vinstri handar, A, er ásamt þumalfingri sömu handar brugðið gegnum lykkjuna B (1. mynd b) og honum síðan stungið inn í og krækt um neðra bandið á lykkjunni á H (1. mynd c). Um leið og hendurnar eru færðar vel í sundur, er lykkjan á H dregin með A í gegnum lykkjuna á B og situr eftir á A (1. mynd d).

Því næst eru lykkjurnar á hægri hendi færðar til, frá G á H, frá F á G og frá E á F. (Með æfingu næst leikni í að láta lykkjurnar falla af einum fingri á annan.) Engin lykkja er þá á hægri vísifingri, E, og er nú gert með honum eins og áður með þeim vinstri: farið ásamt hægri þumalfingri gegnum lykkju á F, krækt með E í neðra band lykkjunnar á D, hún dregin gegnum lykkjuna á F og látin sitja á E. Síðan eru lykkj-



1. mynd. Teikningar E.E.G. eftir ljósmyndum Gísla Gestssonar



2. mynd. Ljósmynd: Gísli Gestsson

umar á vinstri hendi færðar til frá C á D, frá B á C og frá A á B.^x Þetta er endurtekið frá ^x til ^x, þar til bandið er hæfilega langt.

Séu kríluð bönd úr lengri lykkjum, verða tveir að vinna saman, annar krílar, en hinn lagfærir brugðningarnar og herðir að. Á þremur og fimm þáttum er krílað á tilsvareandi hátt; þegar krílað er á þremur, verður þó að krækja í efra, en ekki neðra band lykkjunnar, sem draga á í gegn. Á 2. mynd má sjá bönd kríluð á fimm (a, b) og sjö (c, d, e) þáttum.

Fróðlegt væri að fá upplýsingar um hvort kríluð bönd fyrirfinnast í byggðasöfnum eða í einkaeign og ef svo er, hver notkun þeirra hefur verið. Einnig væri vel þegin vitneskja, ef til er, um bönd kríluð á níu þáttum.

18. 3. 1980

Elsa E. Guðjónsson

Heimildir

Guðjónsson, Elsa E. "Um skinnseam," Árbók hins íslenska fornleifafélags 1964 (Reykjavík, 1965), bls. 76 - 79.

Jónasson, Jónas. Íslenzkir þjóðhættir (Reykjavík, 1934), bls. 128.

Lárusdóttir, Inga. "Vefnaður, þrjón og saumur," Íðnsaga Íslands, I - II (Reykjavík, 1943), II, bls 128.

ALÞJÓÐLEG RÁÐSTEFNA UM MUNNLEGA GEYMD

Arni Björnsson

Það kemur harla oft fyrir, að Þjóðminjasafninu er boðið að senda menn á fundi erlendis, ráðstefnur, sýningar, í rannsóknarferðir o.s.frv. Stundum er unnt að þiggja þetta, og væntanlega verður öðru hverju greint frá því líku í Ljóra, svo að lesendur megi verða þess ögn vísari, hvað fólk er að vilja á þesskonar samfundum og hvort nokkurt gagn sé að þeim.

Í þetta skipti er ætlunin að skýra lítillega frá nýlegu fyrirbæri, sem heitir á ensku International Conference in Oral History og nefna mætti Alþjóðlega ráðstefnu um munnlega geymd. Bæði heitin eru þó ögn villandi, eins og koma mun í ljós. Fyrsta ráðstefnan af þessu tagi var haldin í Englandi 21.-25.mars 1979.

Stríðsminningar óbreyttar

Hún hófst í Lundúnum með heimsókn í Stríðsminjasafn breska heimsveldisins (Imperial War Museum). Það er til húsa í gömlu geðveikrahæli, sem hét Bedlom og hafði á sínum tíma svipaða merkingu og Kleppur hjá okkur.


Astæðan fyrir komu okkar þangað var sú, að þar eru nú meðal fjölmargs annars geymdar endurminningar óbreyttar hermanna úr báðum heimsstyrjöldunum. Þær eru aðallega varðveittar á segulböndum, því þar í landi þekktist naumast, að alþýðumenn skrifuðu endurminningar. Heimildarmenn um hernaðarsöguna hafa því yfirleitt verið herforingjar eða aðrir yfirstéttarmenn. En með þessu móti koma allt aðrir og mun fleiri drættir í heildarmyndina.

Þess má svo geta, að það óvænta happ hlaut af komu minni þangað, að Þjóðminjasafnið fékk þaðan um 200 ljósmyndir og teikningar frá stríðsárnum á Íslandi. En við erum sem kunnugt er heldur fátækir af slíkum myndum, þar sem myndataka af hernaðarmannvirkjum var bönnuð. Þær fáu, sem til eru, voru flestar teknar í meira eða minna óleyfi. Þetta var því drjúg viðbót í heimildasafn okkar frá þessum merkilega tíma, sem ekki hafði áður verið kunnugt um að lægi sæmilega á lausu.

Námamannasafn

Morguninn eftir var haldið alla leið til Swansea til að kynnst Bókasafni námamanna í Suður-Wales, sem er eitt hið merkasta sinnar tegundar. Það var opnað árið 1973, en er orðið til úr leifum af mörgum smáum heimildasöfnum verkalyðsfélaga í þessum landshluta. Þeim hafði verið bjargað á síðustu árum, en voru þá komin í mikla hættu, m.a. sakir kynslóðaskipta, en ekki síður aðsetursskipta vegna lokunar einstakra náma.

Sum námamannafélög og einstaklingar höfðu m.a. haft það sér til dundurs í löngum verkföllum og öðrum vinnudeilum að halda til haga ýmsum smáheimildum um baráttu sína. Einkum átti þetta þó við um allherjarverkfallið og verkbannið mikla árið 1926. En auk bóka, tímarita,



Frá allsherjarverkfallinu í Wales 1926.
National Museum of Labour History, London.

dreifibréfa, veggspjalda og þvítíkra minja, hefur safnið lagt sig eftir að ná í munnlegar frásagnir gamalla námamanna. Og fengum við að heyra sýnishorn úr spólusafninu og sjá gamlar heimildakvikmyndir. Auk þess urðu nokkrar umræður varðandi sögu iðnaðar og verkalýðs.

Menning í fátækt

Þegar komið var til Lundúna um kvöldið, var haldið í Centreprise, sem er nýleg menningarmiðstöð í einu af gömlu fátækrahverfum borgarinnar, Hackney. Ekki voru húsakynni glæst fremur en umhverfið, en í þessu var bókabúð, kaffistofa, lestrarsalur, ráðleggingastöð og upplýsingastöð, svo og útgáfufyrirtæki, sem einkum fékkst við að vinna úr munnlegum heimildum, sem safnað var í hverfinu, sem auðvitað er næstum eins fjölmennt og allt Ísland. Nútíma Íslendingi finnst svona nokkuð vissulega heldur lítil tilkváma, nema hann viti, að annað eins hefur til skamms tíma varla þekkt í þessum hverfum.

Þetta var í lok sorphreinsunarverkfallsins fræga. Og það var eftirtakanlegt, hversu þegar var mjög svo búið að fjarlægja skítahaugana af verslunargötum miðborgarinnar og úr betri hverfum einsog kringum hótelið okkar. En þarna úti í Hackney blöstu þeir enn við augum jafnhrikalegir og þeim hafði verið lýst í heimsfréttunum undanfarnar vikur.

Kvenholt

Næsta morgun heimsóttum við miðstöð fyrir annan afskiptan hóp, þ.e. lágstéttarkonur. Þetta var einskonar sambland af Kvennasögusafni og Sokkholti hér í Reykjavík, þ.e. bókasafn, upplýsingamiðstöð og samkomustaður. En einn megintilgangurinn er rannsóknir á stöðu kvenna fyrr og nú og reyndar sögu fjölskyldunnar sem stofnunar. Og vitaskuld þarf hér sem á öðrum nefndum stöðum einkum að styðjast við munnlegar heimildir, því fáir hafa hingaðtil hirt um að skrifa um þessi mál, nema þá helst í skáldsögum. Og slíkra heimilda er keppt við að afla. Vart þarf að taka fram, að þessi miðstöð var ekki nema tíu ára gamalt fyrirbæri.

Bóndhóll

Um hádegi var síðan lagt af stað austur í sveitir, nánar tiltekið að borginni Ipswich og Húsinu í gamla Helmingham-borpinu, sem er mestanpart frá miðri 19. öld með húskofum fyrir vinnuhjú byggðum af einni fjölskyldu, sem var bæði landeigendur og bruggarar. Sjálft herskaphúsið er upphaflega byggt árið 1485, en í núverandi útliti er það innandyrá frá miðri 18. öld og utandyra frá því snemma á 19. öld.

Þarna fengum við dálítinn fyrirlestur um breska bændasögu, sem því miður er lítt þekkt frá sjónarhóli smábóndans, leiguliðans eða vinnufólksins. Og er nú mjög ofseinað að ná jafnvel munnlegum heimildum um þau efni.

Ráðstefnan


Eftir að þetta allt var skeð, var loks haldið til borgarinnar Colchester, þar sem sjálf ráðstefnan var haldin í Essex-háskólanum. Colchester er ein elsta kunna borg í Englandi. Þar ríkti Cymbeline konungur í leikriti Shakespeares, og þar stofnuðu Rómverjar sína fyrstu nýlendu á Bretlandseyjum fyrir nálega 2000 árum. Háskólinn er hinsvegar með hinum yngri, því hann var ekki opnaður fyrr en 1964. Borgin er á stærð við Reykjavík að fólksfjölda.

Ráðstefnan stóð því ekki nema tæpa tvo heila daga og var að talsverðu leyti skipt í hópa um hin ýmsu svið munnlegra heimilda, sem við höfðum fengið nokkurn smjörþef af á "ferðar-
ráðstefnunni". Þá kom í ljós, að ekki þótti skilyrði, að heimildir væru munnlegar. Það þótti ekki síður merkilegt, ef til voru ritaðar endurminningar frá þeim þjóðfélagshópum, sem ella hafa lítt kunnað að rekja sögu sína nema þá munnlega og aðspurt.

Þá taldi vesalingur minn sig þess umkominn að gera sig breiðan og segja, að þvíúmlíkt væri engin ný bóla hjá oss. Við ættum ófár minningar alþýðumanna skrifaðar af þeim sjálfum allt frá Jóni Indíafara til Tryggva Emilssonar og margt þar á milli. Þetta kom mörgum eðlilega nokkuð á óvart, og hefur þess verið óskað, að gerð yrði ýtarlegri grein fyrir þessum hlutum á næstu ráðstefnu, sem haldin verður í Amsterdam seint í október n.k.

Á ráðstefnu þessari voru um sextíu þátttakendur frá Frakklandi, Spáni, Ítalíu, Austurríki, Bandaríkjunum, Danmörku, Íslandi, Noregi og Svíþjóð auk margra Breta. Af þekktum mönnum mætti nefna Englendinginn Paul Thompson, sem m.a. hefur skrifað bók um Willam Morris, og hinn kunna norska sagnfræðing Edvard Bull.

Greinilegt er, að síðustu árum hefur víða um heim vaknað mikill hugur á að kynna sér sögu hinna vinnandi stétta einsog hún lítur út frá þeirra eigin sjónarmiði, en ekki aðeins með augum lærra sagnfræðinga. Hjá okkur væri vissulega geysimikið verk að vinna í þessu efni, en miðað við aðrar þjóðir stöndum við án efa heldur vel að vígi. Það er vitaskuld að þakka hinni hefðbundnu og útbreiddu bókmenningu íslenskrar alþýðu.



ALTARISKLÆÐI OG ALTARISDUKUR MEÐ BRÚN ÚR LAUFASKIRKJU
(Sjá bls. 35.)

Ljósm.: Gísli Gestsson

FÉLAG ÍSLENSKRA SAFNMANNA

Þeir eru sjálfsagt ekki margir sem vita, að á pappírnum er til nokkuð sem heitir Félag Íslenskra safnmanna, og sumum "meðlimum" þess mun jafnvel ekki vera það ljóst. Þetta er engin furða.

Svo er mál með vexti, að árið 1915 var stofnað í Kaupmannahöfn Samband norrænna safnmanna (Skandinavisk Museumsforbund). Þetta samband hefur að jafnaði haldið fundi á þriggja ára fresti til skiptis í hinum ýmsu löndum. Á síðari áratugum hafa Íslenskir safnmenn öðru hverju setið þessa fundi, síðast í Árósum 1979.

Árið 1971 kom að því, að fundur sambandsins var haldinn á Íslandi, og sóttu hann alls 138 manns frá öllum Norðurlöndum. Formsins vegna þótti þá nauðsynlegt að mynda hér sérstakt safnmannafélag, sem sæi um undirbúning og framkvæmd fundarins. Í reynd var það þó fyrst og fremst starfslið Þjóðminjasafnsins og Listasafns Íslands, sem að þessu stóð.

Rétt til aðildar að norræna sambandinu eiga fastráðnir starfsmenn listasafna, menningarsögulegra og náttúrusögulegra safna með tilskilda menntun. (Bókasöfn eru þó undanskilin). Auk þess geta þeir aðrir orðið meðlimir, sem vegna framlags síns til safnastarfsemi teljast vel að því komnir að mati stjórnar, þótt ekki hafi þeir áskilda skólamenntun. Íslenskir félagsmenn eru nú um 30 talsins.

Upp á síðkastið hefur komið til tals að hleypa lífi í þetta félag og jafnvel gera það að hagsmunafélagi safnmanna. M.a. gæti það staðið fyrir útgáfu þessa tímarits, sem yrði þá fyrst og fremst mál gagn safnmanna sjálfra fremur en þeirra stofnana, sem þeir vinna, við, þótt vitaskuld fari hagsmunir beggja yfirleitt saman.

Starfsmenn safnanna hafa hingaðtil ekki átt neitt sérstakt hagsmunafélag, en flestir verið annaðhvort í Félagi Íslenskra fræða, Félagi Íslenskra náttúrufræðinga eða Starfsmannafélagi ríkisstofnana. Svipuðu máli gegnir um starfsmenn Landsbókasafns og Þjóðskjalasafns. Ef af upplifgun þessa félags verður, yrði það ákvörðunarefni þeirra, hvort þeir vildu ganga í það, þótt þeir yrðu ekki sjálfkrafa félagar í Sambandi norrænna safnmanna.

Fundarboð

Aðalfundur Félags Íslenskra safnmanna verður haldinn þann
17. janúar 1981, kl. 2 e.h.

í Þjóðminjasafni Íslands.

Gengið verður frá lögum félagsins og kosin ný stjórn.

ALTARISKLÆÐI OG ALTARISDÚKUR MEÐ BRÚN ÚR LAUFAKIRKJU

A sýningunni Forvarsla Textíla sem um getur annars staðar í þessu blaði, var samstæður altarisbúnaður, klæði og dúkur með brún, úr Laufáskirkju í Eyjafirði (sjá mynd bls. 33). Klæðið, Þjms. 404, er úr hvítu lérefti ísaumað með skakkagliti, glitsaumi og pellsaumi með mislitu ullarbandi, en dúkurinn og brúnin, Þjms. 405, sem eru úr sama efni og ísaumuð með sams konar bandi, eru unnin með gamla krosssaumnum, skakkagliti og holbeinsaumi.

Samkvæmt áletrunum var búnaður þessi gefinn kirkjunni árið 1694, dúkurinn og brúnin af Ara Jónssyni, en klæðið af Ragnheiði Jónsdóttur, fyrir legstað móður þeirra, Hólmfríðar Sigurðardóttur. Var Ari bóndi á Sökku í Svarfaðardal, en Ragnheiður ekkja Gísla biskups Þorlákssonar á Hólum.

A árunum 1976–1977 framkvæmdi Margrét Gísladóttir forvörður gagngerða viðgerð á dúknum og brúninni, en einkum dúkurinn var orðinn æði slitinn. Klæðið lagfærði hún hins vegar 1980 í tilefni sýningarinnar, og er myndin tekin þar.

E.E.G.



Mynd úr Ljós- og prentmyndasafni Þjms.

Úr óþekktri smíðju.

Ber nokkur kennsl á mennina ?



Fólk í heyskap fyrir vélvæðingu.
Úr Ljós- og prentmyndasafni Þjms.

EFNI

- Bls. 2 FRÁ RITNEFND
- " 3 SAFNMANNAFUNDUR Í ÁRBÆ
- " 6 UM SAFNASTOFNANIR OG FJÖRÐUNGSMINJAVERÐI
- " 9 STARFSMANNA- OG FJÁRÞÖRF ÞJÖÐMINJASAFNSINS
- " 15 HUGLEIÐINGAR UM SAFNAHÚS
- " 18 UM FÖRVÖRSLU
- " 22 UM SKOLAÞJÓNUSTU
- " 23 FORNLEIFARANNSÖKNIR Á STÖRUBORG
- " 24 FORNLEIFARANNSÖKNIR Í GAUTAVÍK
- " 27 KANNIST ÞIÐ VIÐ KRÍLUÐ BÖND ?
- " 30 ALÞJÖÐLEG RÁÐSTEFNA UM MUNNLEGA GEYMD
- " 34 FÉLAG ÍSLENSKRA SAFNMANNA

RITNEFND:
 Árni Björnsson
 Guðmundur Ólafsson
 Lilja Árnadóttir

Ábyrgðarmaður: Guðmundur Ólafsson